



ALMENNI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

febrúar 2020

Dagar til að taka frá

Ekki missa af

Almenni leggur sig fram um að halda reglulega upplýsinga- og fræðslufundi um lífeyrismál og séreignarsparnað. Hér að neðan eru nokkrar dagsetningar til að taka frá. Fundirnir verða auglýstir nánar þegar nær dregur á heimasíðunni www.almenni.is.

Rafræn skilríki og sjóðfélagavefurinn - 26. og 27. febrúar
Sjóðfélögum gefst kostur á að bóka tíma í einkakennslu í notkun rafrænna skilríkja og sjóðfélagavefs. Sjá nánar á baksíðu.

Ársfundur 2020 - 26. mars

Ársfundur Almenna verður haldinn fimmtudaginn 26. mars á Hótel Natura kl. 17:15.

Heilsa á eftirlaunum - 30. apríl

Þrír stuttir fyrirlestrar um hvernig hægt er að stuðla að góðri heilsu á eftirlaunaárunum í fjárhagslegum, líkamlegum og andlegum skilningi.



Góð ávöxtun 2019

Allar ávöxtunarleiðir hækkuðu

Ávöxtun var góð á árinu 2019. Allar ávöxtunarleiðir Almenna lífeyrissjóðsins nutu góðs af hagstæðri þróun á mörkuðum og skiluðu jákvæðri raunávöxtun. Ævisafn I hækkaði mest eða um 17,6% sem jafngildir um 14,5% raunávöxtun. Nánari upplýsingar um ávöxtun er að finna á www.almenni.is.

Tíu skattfrjáls ár

Allt að 5 milljónir upp í fyrstu íbúð

Einstaklingur getur safnað allt að 5 skattfrjálsum milljónum inn á fyrstu fasteign með viðbótarlífeyrissparnaði. Húsnæðissafn Almenna er sérstaklega stofnað til að taka við þeim sparnaði. Fyrsta skrefið er að gera samning um viðbótarlífeyrissparnað sem er einfalt með rafrænum skilríkjum á www.almenni.is.



BERÐU LAUNASEÐLA SAMAN VIÐ YFIRLIT

Meðfylgjandi er yfirlit sem sýnir hreyfingar frá 1. júlí til 31. desember 2019 og upplýsingar um lífeyrisréttindi og inneign í lok tímabilsins. Það er góð regla að bera saman launaseðla og yfirlit til að athuga hvort iðgjaldagreiðslur

á launaseðlum hafi skilað sér til lífeyrissjóðsins. Vanti innborganir hafðu þá samband við ráðgjafa í síma 510-2500 eða með því að senda tölvupóst á netfangið.almenni@almenni.is.



Lífeyrir og útborgun séreignar

Hátt á fjórða þúsund fá mánaðarlega greiðslu

Í desember síðastliðnum fengu 3.700 sjóðfélagar greiddan lífeyri frá Almenna lífeyrissjóðnum. Samtryggingarsjóður greiddi ævilangan ellilífeyri og áfallalífeyri (örorku-, maka- og barnalífeyri) til 1.932 sjóðfélaga. Séreignarsjóður greiddi hins vegar 1.803 sjóðfélögum útborganir af séreignarreikningum þeirra og þar af fengu 1.251 greitt inn á húsnæðislán eða fasteign.


Á sjóðfélagavef er hægt að sækja um lífeyri, stilla mánaðarlega úttekt eða eingreiðslu með rafrænum skilríkjum.

Einkakennsla á sjóðfélagavef

Sérstakir fræðsludagar fyrir sjóðfélaga

Almenni stendur fyrir sérstökum fræðsludögum um notkun rafrænna skilríkja og sjóðfélagavefs 26. og 27. febrúar næstkomandi. Þá daga geta sjóðfélagar bókað sér tíma í einkakennslu til að bæta þekkingu sína.

Sjóðfélagavefur Almenna hefur að geyma hafsjo af upplýsingum sem settar eru fram á myndrænan og skiljanlegan hátt. Á vefnum er auk þess að finna gagnvirkar reiknivélar til að reikna út væntanleg eftirlaun miðað við eigin forsendur. Með rafrænum skilríkjum er hægt að breyta um ávöxtunarleið, sækja um lífeyri og gera samning um viðbótarlífeyrissparnað.



Aðgangur að sjóðfélagavef á www.almenni.is

Verið velkomin

Nýttu þér góða þjónustu

Skrifstofa Almenna er á 5. hæð í Borgartúni 25, en þar er góð aðstaða til að taka á móti sjóðfélögum. Skrifstofan er opin mánudaga til fimmtudaga frá kl. 9:00 til 16:00 og föstudaga frá kl. 9:00-15:00. Símanúmer og netfang sjóðsins er að finna hér fyrir neðan.

Heimasíða sjóðsins www.almenni.is er alltaf opin en þar er að finna gagnlegar upplýsingar um lífeyrismál, fræðslugreinar og fréttir. Auk þess er hægt að nýta sér netráðgjafa, netspjall, senda fyrirspurnir á ráðgjafa eða panta viðtal.

